



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ**

---

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

**HANDBÓK MEISTARANÁMS**  
***2011-2012***

[www.hjukrun.hi.is](http://www.hjukrun.hi.is)

## Efnisyfirlit

<b>ALMENNAR UPPLÝSINGAR SKÓLAÁRIÐ 2011-2012.....</b>	<b>4</b>
<b>GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR .....</b>	<b>5</b>
VINNUADSTADA FYRIR MEISTARANEMA Í EIRBERGI.....	5
BÓKASÖFN.....	5
STYRKIR.....	5
MAT Á FYRRA NÁMI.....	5
NÁMSLENGD .....	6
NÁMSLEYFI.....	6
NÁMSLEIÐIR OG NÁMSKEIÐ.....	6
MÁLSTOFA MEISTARANEMA .....	6
LESNÁMSKEIÐ.....	7
ERLENDAR EININGAR.....	7
ÁÆTLUN .....	7
<b>RÁÐGJÖF OG LEIÐBEINING TIL NEMENDA .....</b>	<b>8</b>
UMSJÓNARKENningar.....	8
LEIÐBEINENDUR .....	8
MEISTARANÁMSNEFND .....	8
RANNSÓKNANÁMSNEFND .....	9
SAMSTARF VEGNA LOKAVERKEFNA TIL MEISTARAPRÓFS.....	9
<i>Hlutverk leiðbeinanda .....</i>	<i>9</i>
<i>Hlutverk nemanda .....</i>	<i>10</i>
<i>Umsjónarkennari ef ekki leiðbeinandi.....</i>	<i>10</i>
<i>Meistaránámsnefnd (mnn).....</i>	<i>10</i>
<i>Fundaskjipulag .....</i>	<i>10</i>
<i>Leiðbeinanda-/ umsjónakennaraskipti.....</i>	<i>11</i>
<b>MEISTARARITGERÐ .....</b>	<b>12</b>
30 EINGA (ECTS) LOKAVERKEFNI Í MEISTARANÁMI .....	12
MAT Á LOKAVERKEFNUM Í HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS .....	13
SKIL Á LOKAVERKEFNI TIL MEISTARAPRÓFS SKÓLAÁRIÐ 2011 – 2012 .....	13
MEISTARARITGERÐ – ÚTLIT .....	14
<i>Útlit meistararitgerða .....</i>	<i>14</i>
SNIÐMÁT .....	14
<i>Uppsetning .....</i>	<i>15</i>
<i>Letur og form.....</i>	<i>15</i>
<i>Fyrirsagnir.....</i>	<i>15</i>
<i>Kaflaskipting ritgerðar.....</i>	<i>15</i>
<i>Blaðsíðatal .....</i>	<i>16</i>
<i>Efnisyfirlit .....</i>	<i>16</i>
<i>Myndaskrá/ Töluskrá .....</i>	<i>16</i>
INNIHALD LOKAVERKEFNA .....	16
<i>Útdráttur .....</i>	<i>16</i>
<i>Inngangur.....</i>	<i>16</i>
<i>Fræðilegur bakgrunnur.....</i>	<i>16</i>
<i>Aðferð .....</i>	<i>17</i>
<i>Niðurstöður.....</i>	<i>17</i>
<i>Umræða/ Ályktanir.....</i>	<i>17</i>
<i>Heimildaskrá .....</i>	<i>17</i>
<i>Myndir .....</i>	<i>17</i>
<i>Tölur sérstaklega .....</i>	<i>17</i>
<i>Víðauki .....</i>	<i>18</i>
PRÓFDÓMARAR.....	18
MEISTARAVÖRN.....	18
TÍMARITSGREIN .....	19
MEISTARAVERKEFNI BRAUTSKRÁÐRA MEISTARA FRÁ HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD.....	19
<b>REGLUR UM MEISTARANÁM VIÐ HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS ....</b>	<b>20</b>

<i>Reglur nr. 239-2004 með áorðnum breytingum</i> .....	20
<i>1. gr. Almenn</i> .....	20
<i>2. gr. Rannsóknanámsnefnd</i> .....	20
<i>3. gr. Umsóknarfrestur</i> .....	20
<i>4. gr. Meðferð umsókna</i> .....	20
<i>5. gr. Inntökuskýrði</i> .....	21
<i>6. gr. Einingafjöldi og tímalengd náms</i> .....	21
<i>7. gr. Samsetning náms</i> .....	22
<i>9. gr. Umsjónarkennari og leiðbeinandi</i> .....	22
<i>10. gr. Kröfjur til umsjónarkennara, leiðbeinanda og annarra sem leggja mat á námið og rannsóknarverkefnið</i> .....	22
<i>11. gr. Meistaránámsnefndir</i> .....	23
<i>12. gr. Prófdómarar</i> .....	23
<i>13. gr. Námsmat, skil og frágangur meistararitgerða</i> .....	23
<i>14. gr. Lærdómstitlar</i> .....	24
<i>15. gr. Gildistaka o.fl.</i> .....	24
<b>KENNSLUALMANAK 2011 - 2012</b> .....	<b>25</b>
<b>KORT AF HÁSKÓLASVÆÐINU</b> .....	<b>27</b>

## Velkomin til náms í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Í handbók meistaranáms hafa verið teknar saman ýmsar upplýsingar sem nemendur í meistaranámi þurfa á að halda. Gerð er grein fyrir þeirri þjónustu sem veitt er og leitast eftir að útskýra reglur um skráningu, tímamörk, samstarf við kennara og frágang á námsverkefnum. Einnig viljum við benda á [heimasíðu Háskóla Íslands](#) þar sem nemendur hafa aðgang að hagnýtum upplýsingum sem koma að góðum notum í náminu.

Handbókin er í stöðugri mótun og er uppfærð árlega. Því er mikilvægt að kennarar og nemendur komi á framfæri ábendingum um efnistöð og framsetningu eftir því sem við á. Nemendur sem brautskrást í október fara eftir handbók síðasta skólaárs árs og því er handbókin ekki uppfærð fyrr en í október.

### Almennar upplýsingar skólaárið 2011-2012

Skrifstofa Hjúkrunarfræðideildar er á 1. hæð í Eirbergi við Eiríksgötu 34. Skrifstofan er opin frá kl. 10:00-12:00 og 12:30-14:00 alla virka daga. Sími skrifstofunnar er 525-4960 auk þess sem upplýsingar um netföng, símanúmer, stundatöflur o.fl. er að finna á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar.

#### Starfsfólk stjórnýslu:

Íris Stefánsdóttir, verkefnastjóri grunnnáms, [irisst@hi.is](mailto:irisst@hi.is)

Lára Erlingsdóttir, fulltrúi, [lara@hi.is](mailto:lara@hi.is)

Margrét Björnsdóttir, verkefnastjóri daglegs reksturs Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði, [margbjo@hi.is](mailto:margbjo@hi.is)

Sunna Sigurðardóttir, deildarstjóri, [sunnas@hi.is](mailto:sunnas@hi.is)

Ragnheiður H. Friðriksdóttir, verkefnastjóri stundaskráa, starfsþj. og tæknistuddrar kennslu, [rhf@hi.is](mailto:rhf@hi.is)

Þóra Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri framhaldsnáms og ljósmóðurfræði, [thorat@hi.is](mailto:thorat@hi.is)

**Deildarforseti:** Guðrún Kristjánsdóttir

**Varadeildarforseti:** Helga Bragadóttir

#### Rannsóknanámsnefnd:

Ásta St. Thoroddsen

Erla Kolbrún Svavarsdóttir (haust)/Herdís Sveinsdóttir (vor), formaður

Helga Bragadóttir

Varamaður:

Ólöf Ásta Ólafsdóttir

NN, fulltrúi framhaldsnema

Starfsmaður, Þóra Þorsteinsdóttir

## Gagnlegar upplýsingar

Þóra Þorsteinsdóttir er verkefnastjóri framhaldsnáms. Skrifstofa hennar er á 3. hæð í Eirbergi, stofu B-323. Nemendur eru hvattir til að leita til hennar hafi þeir einhverjar spurningar varðandi námið. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi og eru nemendur beðnir um að senda tölvupóst á netfangið [thorat@hi.is](mailto:thorat@hi.is), eða hringja í s. 525 5204 ef þeir vilja panta tíma.

### Vinnuaðstaða fyrir meistaranema í Eirbergi

Tölvuver meistaranema í hjúkrunarfræði er í herbergi A-203 og vinnu- og lesaðstaða er í herbergi A-204, hvoru tveggja á 2. hæð í Eirbergi. Einnig er kaffiaðstaða á sama gangi einungis ætluð meistaranemum. Margrét Björnsdóttir ([margbjo@hi.is](mailto:margbjo@hi.is)) verkefnastjóri daglegs reksturs Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði úthlutar föstum vinnuplássum til þeirra nemenda sem eru að vinna að lokaverkefnum sínum fyrir hvert misseri. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu RSH, <http://stofnanir.hi.is/rsh/>

### Bókasöfn

Á 1. hæð í Eirbergi er Bóksafns- og upplýsingasvið LSH. Þar er boðið upp á fjölþætta þjónustu fyrir nemendur og ber þar helst að nefna aðstoð við heimildaleit, kennslu í notkun rafrænna gagnagrunna, millisafnalán og útlán bókakosts sem einkum tekur mið af þörfum heilbrigðisstarfsfólks.

Á heimasíðu BUSV ([www4.landspitali.is/lsh\\_ytri.nsf/pages/busv.html](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/busv.html)) er einnig að finna mikið magn gagnlegra upplýsinga og aðgengi að ýmsum rafrænum gagnasöfnum.

Gagnlegar slóðir að rafrænum söfnum er Landsbókasafn Íslands [www.bok.hi.is](http://www.bok.hi.is) og [www.hvar.is](http://www.hvar.is) en þar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar.

### Styrkir

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að sækja um styrki, en sækja aðstoð til leiðbeinanda eða umsjónarkennara síns. Leiðbeinandi samþykkir styrkumsókn áður en hún er send. Upplýsingar um styrki er m. a. að finna á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu HÍ á slóðinni [www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is) og á heimasíðu Rannsóknþjónustu HÍ (<http://www.rthj.hi.is/>). Gott er að hafa í huga að gerð styrkumsókna er tímafrekt ferli og því er nauðsynlegt að hefjast handa tímanlega.

### Mat á fyrri námi

Nemandi getur að hámarki fengið metnar 20 einingar úr sambærilegu námi á meistarastigi frá öðrum háskólum. Þessar einingar skulu vera úr námskeiðum sem tengjast rannsóknasviði nemandans og þurfa að vera samþykktar af meistaranámsnefnd hans. Hægt er að fá 20 einingar á grunnnámsstigi metnar inn í meistaranámið, þó ekki úr grunnnámi í hjúkrun. Athugið að einingar úr grunnnámi eru metnar að 2/3 hluta til eininga í meistaranámi. Tekið skal skýrt fram að þau námskeið sem fást metin þurfa að tengjast tilgreindu sviði og námsmarkmiðum nemandans.

Formleg beiðni um mat á fyrri námi þarf að berast rannsóknanámsnefnd. Umsókninni er skilað á sérstöku eyðublaði sem finna má á heimasíðu deildarinnar, ásamt ítarlegum

upplýsingum um það nám sem óskað er eftir mati á, þ.e. einingafjölda, einkunnum, námskeiðslýsingum o.s.frv. og rökum fyrir því hvernig námið fellur að námsmarkmiðum í meistaranámi. Óski nemandi eftir því að nám sem hann hefur áður lokið (þ.m.t. diplómanám) við HÍ verði hluti af meistaranámsferli verður hann einnig að sækja um það til rannsóknanámsnefndar. Tekið skal fram að einungis kemur til greina að meta háskólanám sem lokið hefur með formlegu námsmati. Umsókn um mat á námi skal skilað til verkefnastjóra framhaldsnáms á skrifstofu Hjúkrunarfræðideildar.

## **Verklagsreglur um mat á námi til eininga í framhaldsnámi í Hjúkrunarfræðideild 1. jan. 2010**

- Námskeið: Sambærileg námskeið er hægt að meta séu þau ekki eldri en fimm ára.
- Ritryndar greinar sem nemandi hefur birt innan þriggja ára áður en nám hefst eru metnar til að hámarki tveggja eininga. Nemandi þarf að vera fyrsti höfundur greinar.
- Þátttaka í ráðstefnu fæst metin innan námstíma ef um erindi eða veggspjald viðvirkjandi rannsókn nemanda á viðurkenndri (ritryndri) ráðstefnu er að ræða. Að hámarki eru metnar sex einingar fyrir framlag doktorsnema á ritryndum ráðstefnum og tvær fyrir framlag meistaranemenda á námstímanum.
- Leiðbeinandi þarf að samþykkja allt sem nemandi sækir um að fá metið **áður** en erindi er sent rannsóknanámsnefnd til afgreiðslu.

### **Námslengd**

Miðað við eðlilega námsframvindu lýkur meistaranámi á **tveimur til fjórum árum**. Sækja þarf um sérstaka undanþágu til rannsóknanámsnefndar beri svo undir að námstíminn lengist umfram það. Færa þarf rök fyrir framlengingunni og leggja fram ítarlega áætlun um námslok í samráði við leiðbeinanda.

### **Námsleyfi**

Ætli nemandi sér að gera hlé á námi sínu þarf hann að sækja um það með formlegum hætti til rannsóknanámsnefndar. Veiti nefndin samþykki fyrir leyfinu þarf nemandinn að gera grein fyrir leyfinu við Nemendaskrá og greiða hlutfall skráningargjalds þann tíma sem hann er fjarverandi. Beiðnum um námsleyfi skal skila til verkefnastjóra framhaldsnáms.

### **Námsleiðir og námskeið**

Sjá: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=22657&kennslu ar=2011>

### **Málstofa meistaranema**

Málstofa meistaranema er hluti af meistaraverkefni nemenda og miðar að því að leiðbeina og styðja nemendur við að útfæra lokaverkefni til meistaragráðu. Henni er ætlað að þjálfa nemendur í gagnrýnni umræðu og kynningu á lokaverkefni sínu. Nemendur kynna verkefni sín og fá ábendingar og leiðbeiningu frá samnemendum sínum og kennurum. Málstofan byggir á þátttöku allra nemenda og því er **mætingarskylda**. Efni hennar er sveigjanlegt til að mæta þörfum þess hóps sem tekur þátt hverju sinni. Nemendur þurfa að mæta tíu sinnum í málstofu á meðan á námi stendur. Þá þurfa þeir að verja lokaverkefni sitt einu sinni í

málstofu og gagnrýna verkefni annarra tvisvar sinnu. Nemendur skrá sig í málstofuna með því að gefa sig fram við umsjónarkennara hennar í upphafi hvers misseris. Umsjónarkennari heldur utan um hvenær nemandi hefur lokið námsmarkmiðum sínum og tilkynnir til verkefnastjóra framhaldsnáms. Nemendur þurfa að hafa lokið málstofu til að geta brautskrást úr meistaranámi. Nemendur sem innrituðust fyrir haust 2009 fá tvær einingar fyrir málstofu aðrir nemendur fá ekki einingar en þurfa að hafa lokið málstofu. Umsjónakennarar eru Helga Bragadóttir, dósent (haust), [helgabra@hi.is](mailto:helgabra@hi.is) og Herdís Sveinsdóttir, prófessor (vor), [herdis@hi.is](mailto:herdis@hi.is)

### **Lesnámskeið**

Nemendur í meistaranámi geta valið lesnámskeið hjá kennara við Háskóla Íslands eða aðra háskólastofnun. Nemandi má að hámarki taka 10 einingar í lesnámskeiðum og verður að fá samþykki umsjónarkennara fyrir þeim. Lesnámskeið flokkast undir valnámskeið eða námskeið á sérsviði en koma ekki í stað námskeiða í kjarna eða námskeiða á klínisku sérsviði. Lesnámskeiðið skal vera á sviði sem tengist lokaverkefni nemanda en er ekki hluti af því. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda, sem valdar eru í samráði við kennara, og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð. Rannsóknanámsnefnd fjallar um og samþykkir/hafnar lesnámskeiðum. Beiðni um lesnámskeið þarf að berast nefndinni, eyðublað þar að lútandi er að finna á heimasíðu deildarinnar.

### **Erlendar einingar**

Heimilt er að taka allt að 20 einingar við aðra háskóla, héraendis eða erlendis. Þessi námsdvöl getur falist í rannsóknarsamstarfi og styttri námskeiðum (t.d. sumarnámskeiðum). Einnig getur verið um að ræða þátttöku í erlendum ráðstefnum þar sem nemandi kynnir verkefni sitt. Athugið að nemandi þarf ávalt að fá samþykki meistaranámsnefndar fyrir námsdvöl erlendis og leggja inn formlega beiðni til rannsóknanámsnefndar þess efnis að námið verði metið.

### **Áætlun**

Nemandi skrifar áætlun fyrir lokaverkefni sitt undir leiðsögn leiðbeinanda. Áætlunin samanstendur af inngangi, en í honum er tilgangur verkefnisins og markmið kynnt og færð rök fyrir mikilvægi þess. Þá kemur lýsing á fræðilegum bakgrunni verkefnisins og aðferðafræði þess (sjá nánar um þessa þætti í umfjöllun um meistararitgerð). Þessi áætlun er kynnt í meistaranámsnefnd nemandans og hlýtur þar umfjöllun. Mikilvægt er að gagnasöfnun eða framkvæmd verkefnis hefjist ekki fyrr en allir nefndarmenn hafa samþykkt áætlunina.

## Ráðgjöf og leiðbeining til nemenda

### Umsjónarkennarar

Þegar nemandi hefur meistaranám við Hjúkrunarfræðideild er honum úthlutaður umsjónarkennari eða leiðbeinandi sem ávallt skal vera fastráðinn kennari við deildina. Umsjónarkennari veitir nemanda ráðgjöf við val á námskeiðum, verkefnaval á sérsviði við upphaf náms og lokaverkefni síðar meir. Umsjónarkennari er að öllu jöfnu einnig leiðbeinandi nemandans.

### Leiðbeinendur

Nemendur sem innritast í rannsóknánámsleið þurfa að hafa stofnað til samstarfs við fyrirhugaðan leiðbeinanda áður en þeir sækja um námið. Nemendur í klínískri námsleið, ljósmóðurfræði og hjúkrunarstjórnun geta óskað eftir ákveðnum leiðbeinanda er þeir sækja um inngöngu í meistaranám. Nemendur þurfa þá að hafa haft samband við viðkomandi kennara og fengið samþykki hans. Ósk um leiðbeinanda komi þá fram í greinargerð vegna umsóknar um meistaranám.

Samstarf leiðbeinanda og nemanda hefst á því að afmarka rannsóknarverkefnið og semja rannsóknaráætlun. Nemandi og leiðbeinandi skrifa undir rannsóknaráætlun og telst það jafngildi samnings þeirra á milli. Rannsóknaráætlun fylgir rafrænni umsókn um meistaranám við hjúkrunarfræðideild. Þegar áætlunin er vel á veg komin er meistaranámsnefnd nemanda kölluð saman til að fjalla um verkefnið. Nefndin kemur saman eftir því sem þurfa þykir og getur nemandi leitað til nefndarmanna.

Leiðbeinandi skal veita nemanda hvatningu og aðhald og upplýsa hann um hvaða kröfur eru gerðar til hans við vinnu rannsóknarverkefnis og meistaraþrófsritgerðar. Hann skal aðstoða nemanda við að takast á við þau vandamál sem upp kunna að koma, til að mynda aðferðafræðileg eða siðferðisleg álitamál. Hann aðstoðar nemandann einnig við að afmarka rannsóknarefnið, leiðbeinir við öflun og úrvinnslu gagna. Hann leiðbeinir um öflun tilskilinna leyfa vegna rannsóknarinnar og ákvarðar í samráði við meistaranámsnefnd hvenær ritgerðin er tilbúin fyrir prófdómara.

Þegar leiðbeinendur eru tveir skal aðalleiðbeinandi hafa lokið doktorsnámi en hinn a.m.k. meistaranámi. Í þeim tilfellum þegar leiðbeinandi er ekki hjúkrunarfræðingur, þarf hjúkrunarfræðingur einnig að vera í nefndinni.

### Meistaránámsnefnd

Rannsóknánámsnefnd skipar meistaranámsnefnd um lokaverkefni meistaranemenda eins fljótt og auðið. Tillaga að meistaranámsnefnd berist rannsóknánámsnefnd frá leiðbeinanda/ umsjónarkennara. Í ljósmæðra-, klínískri- og stjórnunarnámsleið er að jafnaði einn leiðbeinandi. Í rannsóknánámsleið eru leiðbeinandi og einn nefndarmaður. Heimilt er að kalla til sérfræðinga í báðar nefndir ef þurfa þykir. Meistaránámsnefnd skal vera fullskipuð sem fyrst eftir að nemandi hefur nám. Meistaránámsnefnd fer yfir, kemur með ábendingar og samþykkir námsáætlun og rannsóknaráætlun og fylgist með framvindu náms og lokaverkefnis. Nefndin ákveður einnig hvenær lokaverkefni er tilbúið til varnar.

Þegar meistaránámsnefnd metur að lokaverkefnið sé tilbúið til varnar og hefur staðfest yfirlit yfir námsferil óskar nefndin eftir því við rannsóknanámsnefnd að fram fari vörn á meistaraverkefni nemanda. Einn prófdómari er í meistaravörn við hjúkrunarfræðideild. Lokuð vörn fer fram í rannsóknarnámsleið. Í öðrum námsleiðum fer ekki fram vörn heldur skila prófdómari og leiðbeinandi greinagerð um verkefnið sem send er nemanda. Allir nemendur kynna lokaverkefni sín til meistaraprófs á kynningardegi í hjúkrunarfræðideild fyrir brautskráningu.

### **Rannsóknanámsnefnd**

Rannsóknanámsnefnd Hjúkrunarfræðideildar fer með málefni meistaránámsins í umboði deildarráðs deildarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu og mótun framhaldsnáms við hjúkrunarfræðideild ásamt því að taka á móti og afgreiða mál nema. Til hennar skal vísa matsmálum, umsóknum um framhaldsnám, beiðnum um námsleyfi o.s.frv.

## **Samstarf vegna lokaverkefna til meistaraprófs**

### ***Hlutverk leiðbeinanda***

1. Leiðbeinandi gerir nemandanum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til lokaverkefnis, veitir honum hvatningu og aðhald við vinnu við það.
2. Leiðbeinandi ráðleggur nemandanum um eftirfarandi atriði:
  - afmörkun efnisins
  - heimildaleit
  - skilgreiningu markmiða og rannsóknaspurninga
  - gerð rannsóknaráætlunar
  - öflun rannsóknargagna, úrvinnslu þeirra og greiningu sé um rannsóknaverkefni að ræða
  - framsetningu á niðurstöðum
  - ritgerðarsmíðina í heild
  - tilkynningar til Persónuverndar og öflun tilskilinna leyfa (t.d. frá Persónuvernd og vísindanefndum)
3. Leiðbeinandi aðstoðar nemanda við að takast á við vandamál sem upp koma svo sem siðferðileg álitamál í rannsóknavinnunni, aðferðafræðileg álitamál eða annað.
4. Leiðbeinandi fylgist með framvindu verksins og metur það með hliðsjón af rannsóknar- og námsáætlun.
5. Leiðbeinandi ákveður í samráði við meistaránámsnefnd hvenær lokaverkefni er tilbúið til varnar og sendir verkefnastjóra framhaldsnáms skriflega staðfestingu á því að lokaverkefni sé tilbúið til varnar.
6. Leiðbeinandi tekur þátt í lokamati á meistaraprófsritgerð ásamt prófdómara.
7. Auk gagna sem lögð eru fram fyrir formlega fundi les leiðbeinandi rannsóknaráætlun og tvisvar yfir lokaverkefni í heild á lokastigum þess.

### **Hlutverk nemanda**

1. Nemandinn er ábyrgur fyrir námi sínu og ætlast er til sjálfstæðra vinnubragða af hálfu nemenda í meistaranámi.
2. Nemandi kemur vel undirbúinn á fundi leiðbeinanda/meistaránámsnefndar. Handrit sem lögð eru fyrir leiðbeinanda/meistaránámsnefnd skulu komin á það stig að hægt sé að meta þau.
3. Nemandinn vinnur rannsóknaráætlun í samráði við leiðbeinanda, gerir tímaáætlun fyrir verkefnið og lok þess.
4. Nemandinn skipuleggur með leiðbeinanda hvers konar leiðsögn muni henta best.
5. Nemandinn skal hafa frumkvæði að því að semja um fundi með leiðbeinanda sínum og semja um vinnu á milli funda. Gott er að skrifa fundargerð eftir fundi og senda leiðbeinanda, það kemur í veg fyrir misskilning og leggur skýr markmið fyrir þá vinnu sem nemandi ætlar að vinna milli funda.
6. Nemandinn vinnur þau verkefni sem um semst við leiðbeinandann.
7. Nemandinn leyfir leiðbeinanda að fylgjast með framvindu verkefnisins. Þetta á einnig við á þeim tímabilum þar sem nemandi og leiðbeinandi hittast ekki.
8. Samráð skal haft við leiðbeinanda um kynningu á verkefni og styrkumsóknir meðan á vinnslu lokaverkefnis stendur.
9. Nemandinn skilar lokaverkefni til mats að fengnu skriflegu samþykki meistaranámsnefndar.

Báðir aðilar (leiðbeinandi og nemandi) geta gert kröfu um reglubundin samskipti meðan unnið er að verkinu.

### **Umsjónarkennari ef ekki leiðbeinandi**

1. Gerir tillögu að meistaranámsnefnd til rannsóknarámsnefndar.
2. Situr í meistaranámsnefnd.
3. Hefur umsjón með lokaverkefni og er ábyrgur fyrir því að það sé í samræmi við kröfur hjúkrunarfræðideildar.

### **Meistaránámsnefnd (mnn)**

1. Samþykkir rannsóknaráætlun.
2. Samþykkir fullbúna ritgerð.
3. Mætir á tvo fundi með nemanda og leiðbeinanda.
4. Les yfir rannsóknaráætlun og lokaverkefni í heild á lokastigum þess.

### **Fundaskipulag**

Leiðbeinendur hitti nemendur sex sinnum. Hver fundur er ekki lengri en klukkustund.

1. Fundur – afmörkun verkefnis, efnisþættir, setja niður nefnd
2. Rannsóknaráætlun og tilskilin leyfi, (aðferðafærði)<sup>1</sup> - mnn kemur saman
3. (Fjallað um gagnasöfnun)

---

<sup>1</sup> Innan sviga á einungis við um rannsóknarámsleið.

4. (Niðurstöður)
5. Umræður
6. Verkið í heild - mnn kemur saman

#### ***Leiðbeinanda-/umsjónarkennaraskipti***

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að skipt er um leiðbeinanda/umsjónarkennara. Ef nemandi skiptir um verkefni kann að þurfa nýjan leiðbeinanda/umsjónarkennara. Nemandinn ræðir slíkt fyrst við leiðbeinanda/umsjónarkennara sinn og síðan við rannsóknanámsnefnd. Hætti leiðbeinandi/umsjónarkennari störfum, eða er fjarverandi vegna rannsóknamisseris, veikinda eða af öðrum ástæðum getur verið nauðsynlegt að fá annan aðila til samvinnu um leiðbeiningu/umsjón nemandans. Þá getur samstarfsgrundvöllur nemanda og leiðbeinanda/umsjónarkennara brostið, til dæmis ef annar aðilinn telur að hinn hafi ekki uppfyllt skyldur sínar. Í slíkum tilvikum geta bæði nemandinn og leiðbeinandinn/umsjónarkennarinn óskað eftir því við rannsóknanámsnefnd að vera leystur frá samstarfinu.

## Meistararitgerð

### 30 eininga (ECTS) lokaverkefni í meistaranámi

Vinna við meistaraverkefni til þrjátíu einingar (ECTS) jafngildir eins misseris vinnu eða hálfu ári eftir því hvernig á það er litið. Sú vinna sem þarf að rúmast innan þessara marka er: a) endanleg mótun hugmyndar að verkinu og afmörkun þess, b) heimildaleit og greining heimilda, c) ákvörðun um og lýsing á aðferðafræði verkefnisins, d) vinna við úrvinnslu og túlkun gagna, e) kynning á verkefninu og g) frágangur á því. Tekið skal fram að í öllum tilvikum eru gerðar strangar fræðilegar kröfur. Verkefni nemanda ber vott um að hann hafi öðlast þekkingu og skilning á tilteknu sérsviði hjúkrunar, hæfni hans er bæði hagnýt og fræðileg, hann hefur tileinkað sér efnislega þekkingu og nýtingu hennar, auk aðferðafræðilegrar þekkingar, og hæfni í að miðla þekkingu sinni. Sjá hæfnisviðmið í námi til meistaragráðu við hjúkrunarfræðideild.

Megintexti 30 eininga meistaraverkefnis skal ekki vera lengri en 20.000 orð. Í 60 eininga verkefni er miðað við 40.000 orð. Töflur, myndir, heimildaskrá og útdráttur koma til frádráttar. Mjög mikilvægt er að afmarka verkefnið vel þegar í upphafi.

Rannsóknanámsnefnd hvetur til þess að strax í upphafi náms vinni nemandi að því að móta hugmyndir sínar um lokaverkefni og nýti verkefni sem flestra námskeiða til að undirbyggja lokaverkefni sitt. Strax í byrjun náms ættu nemandi og umsjónarkennari að ræða möguleg lokaverkefni. 30 eininga lokaverkefni eru ekki fullunnar rannsóknir heldur hluti rannsóknar eða annars konar verkefni.

Möguleg meistaraverkefni til 30 eininga (ECTS) eru:

1. Verkefni sem eru hluti af rannsóknum kennara. Um rannsóknaráætlun getur verið að ræða, þróun meðferðar, úrvinnslu gagna, þátttöku í meðferð eða aðra afmarkaða þætti rannsóknar.
2. Nýting gagna sem þegar hefur verið safnað t.d. nýting gagna úr stórum gagnasöfnum þar sem leitast er við að svara afmörkuðum rannsóknarspurningum.
3. Verkefni sem eru hluti af leiðbeiningum bestu starfshátta (best practice guidelines), klínískum leiðbeiningum eða innleiðingu nýjunga/breytinga. Í verkefninu felst innleiðing nýrra starfshátta á grundvelli fyrirliggjandi þekkingar.

Lögð er áhersla á að viðfangsefni lokaverkefnis sé afar vel afmarkað og á þröngu sviði.

Uppbygging meistaraverkefnis er að öllu jöfnu eftirfarandi: Inngangur, fræðilegur bakgrunnur, aðferð, niðurstöður og umræða. Sjá nánar hér á eftir.

## Mat á lokaverkefnum í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Við gerð og mat lokaverkefna til meistaraþrófs í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

1. Viðfangsefni vel kynnt í upphafi og gildi þess rökstutt.
2. Tengsl viðfangsefnis við sérsvið nemanda skýrð.
3. Markmið verkefnis skýr og spurningar eða úrlausnarefni kynnt.
4. Fræðilegt samhengi verkefnis. Bakgrunnur verkefnis og ólík sjónarmið sem tengjast viðfangsefni.
5. Heimildir og heimildanotkun.
6. Aðferðafræði: gerð grein fyrir, þekking á og færni í að beita.
7. Úrvinnsla: vönduð, greinandi og gagnrýnin? Gerir höfundur sér grein fyrir takmörkunum verkefnisins.
8. Niðurstöður: greinagóð lýsing.
9. Niðurstöður: rökréttar ályktanir drengar af niðurstöðum.
10. Er markmiðum náð?
11. Uppbygging, framsetning og heildarmynd verkefnis.
12. Málfar og frágangur.
13. Frumleiki og sjálfstæði í vinnslu verkefnisins.
14. Siðferðilegum álitamálum gerð skil ef við á.

## Skil á lokaverkefni til meistaraþrófs skólaárið 2011 – 2012

Brautskráning	Skiladagur útdráttis	Skiladagur ritgerðar
25. febrúar 2012	5. desember 2011	10. janúar 2012
23. júní 2012	10. apríl 2012	3. maí 2012
október 2012	15. ágúst 2012	6. september 2012

Dagsetningar skila eru miðaðar við síðasta mögulegan skiladag vegna prófdómara. Athugið því að vera tímanlega í útgáfu meistaraþrófsgerða því að langar biðraðir geta myndast í prentsmiðjum síðustu dagana fyrir skil á lokaverkefnum.

Nemandi hefur samráð við leiðbeinanda um hvenær lokaverkefni til meistaraþrófs er tilbúið fyrir mat meistaranámsnefndar. Lokaverkefni og yfirlit yfir námsferil er lagt fyrir nefndina sem staðfestir á þar til gerðu eyðublaði að námsferill uppfylli kröfur til meistaraþrófs í hjúkrunarfræði og að lokaverkefnið sé tilbúið til varnar. Þessu eyðublaði skilar nemandi til verkefnisstjóra framhaldsnáms eða skrifstofu deildar um leið og lokaverkefninu. Eyðublaðið má finna á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar. Útdráttur á ensku og íslensku skal fylgja með rafrænt.

Á því stigi sendir leiðbeinandi skriflega beiðni til rannsóknanámsnefndar um að meistaraþrófn fari fram. Til að hægt sé að undirbúa vörnina þarf nefndin að fá upplýsingar um efni ritgerðar í útdrætti á ensku og íslensku. Eigi síðar en sex vikum (verkefnastjóri framhaldsnáms gefur upp dagsetningu fyrir skil ritgerðar) fyrir áætlaðan prófdag leggur nemandi ritgerðina (í fjórum (30e) eða fimm (60e) eintökum) fyrir rannsóknanámsnefnd ásamt:

1. Undirritaðri staðfestingu frá meistaranámsnefnd um að ritgerðin sé tilbúin.

### Meistararitgerð – útlit

Ritgerðaskil: Fjögur til fimm innbundin eintök eftir stærð ritgerða. Eintök fyrir leiðbeinanda, meistaranámsnefnd, Þjóðarbókhöfuð og prófdómara.

Ritgerð skal skila á skrifstofu deildar. Hjúkrunarfræðideild tekur ekki þátt í kostnaði sem til fellur vegna meistararitgerða. Einnig skal skila rafrænu eintaki til Þjóðarbókhöfuð [www.skemma.is](http://www.skemma.is) og yfirlýsingu um aðgang að ritgerð til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar.

**Athygli er vakin á því að einungis eru ein skil á ritgerð og skal hún þá vera fullfrágengin og innbundin samkvæmt leiðbeiningum í Handbók meistaránema.**

Við skrif lokaverkefnisins skal fylgja hefðbundnum vinnubrögðum um frágang slíkra verkefna og meðferð heimilda skv. APA-kerfi. Til frekari glöggvunar er bent á *Gagnfræðakver handa háskólanemum* eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson sem fæst í Bóksölu stúdenta eða APA Manual 6. útg.

### Útlit meistararitgerða

- ✓ Kápan er prentuð í prentþjónustu og útlit hennar er staðlað. Sniðmát hefur verið sent til *Pixel, Samskipta og Háskólafjölritunar*. Ekki er útilokað að skipta við aðra en þá þarf að láta skrifstofu hjúkrunarfræðideildar vita til að unnt sé að senda sniðmátið þangað. Á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar er hægt að skoða sniðmátið og lesa nánar um prentþjónusturnar, sjá [hér](#).
- ✓ Sniðmát lokaverkefnis er að finna á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar
- ✓ Bókaformið er **B5 sniðmát**
- ✓ Kápan skal vera úr stífum pappa, „háskólablá“ að lit
- ✓ Nafn höfundar og heiti ritgerðar eiga að vera á kili og forsíðu
- ✓ Aftan á bókarkápu neðst: prentsmiðja, staður, ár
- ✓ Námsnefnd á **ekki** að vera á kápunni
- ✓ Ritgerðin öll: prenta báðum megin á blaðsíður

**Sniðmát** að meistararitgerðum við Hjúkrunarfræðideild má nálgast á heimasíðu [Hjúkrunarfræðideilar](#). Athugið að á heimasíðunni eru forsíður meistararitgerða á pdf formi og því nauðsynlegt að útbúa þær í prentsmiðju þar sem sniðmát er til fyrir þær.

### Fyrsta blaðsíða (i)

Allar blaðsíður aftan við titilsíðu að meginmáli ritgerðar skulu númeraðar með litlum rómverskum stöfum (i, ii, iii), fyrir miðju, neðst á blaðsíðu. Þar sem ekki er hefð fyrir því að birta númer á innri forsíðu og síðu þar sem útgefanda er getið þá skal því sleppt og því er fyrsta númeraða síðan iii.

### Blaðsíða ii

- ✓ Nafn höfundar
- ✓ Leiðbeinandi
- ✓ Námsnefnd
- ✓ Prentað á Íslandi af xxx, staður, ár

### Blaðsíða iii

- ✓ Útdráttur á íslensku sé ritgerðin á íslensku – snýst við ef ritgerð er á ensku

### Blaðsíða iv

- ✓ Útdráttur á ensku sé ritgerðin á íslensku – snýst við ef ritgerðin er á ensku

### Blaðsíða v

- ✓ Þakkir

### Blaðsíða VI

- ✓ Efnisyfirlit

### Blaðsíða VII

- ✓ Töluyfirlit
- ✓ Myndayfirlit

### **Uppsetning**

- ✓ Uppsetning skjals í Word (B5 format) ISO B5
- ✓ Word/File/Page Setup
- ✓ Mirror margins
- ✓ Sjá nánar í sniðmáti á vef hjúkrunarfræðideildar [www.hjukrun.hi.is](http://www.hjukrun.hi.is)

### **Letur og form**

- ✓ Times New Roman eða annað einfalt og skýrt letur
- ✓ Leturstærð 11
- ✓ Eitt og hálf línubil
- ✓ Texti jafnaður beggja vegna
- ✓ Fyrsta lína eftir fyrirsögn eða upphafslína í kafla er ekki inndregin

### ***Fyrirsagnir***

Hafið fyrirsagnir reglulegar og gætið samræmis í ritgerðinni. Hafið fyrsta þrep 14 pt, feitletrað og miðjujafnað, annað þrep 14 pt, skáletrað og jafnað vinstra megin og þriðja þrep 11 pt, skáletrað, í upphafi línu og með punkti á eftir.

### **Kaflaskipting ritgerðar**

- ✓ Útdráttur
- ✓ Abstract
- ✓ Þakkir
- ✓ Inngangur
- ✓ Fræðilegur bakgrunnur
- ✓ Aðferð
- ✓ Niðurstöður
- ✓ Umræða/Ályktanir
- ✓ Heimildaskrá
- ✓ Viðauki

## Blaðsíðutal

- ✓ Allar blaðsíður frá og með inngangi ritgerðar til lokablaðsíðu heimildaskrár skulu númeraðar með tölustöfum (1, 2, 3...)
- ✓ neðst á blaðsíðu fyrir miðju.

## Efnisyfirlit

- ✓ Efnisyfirlit skal ná yfir alla ritgerðina utan titilsíðu

## Myndaskrá/Töfluskrá

Listi yfir myndir og töflur í númeraröð. Dæmi:

<i>Mynd:</i>	<i>Titill:</i>	<i>bls:</i>
Mynd 1	Greining á TdT virkni í MOLT frumum	5

Almennt um meistaraverkefni:

- Gæta þarf vel að tengingu kafla, framsetningu og heildarmynd.
- Að öllu jöfnu er samantekt í lok hvers meginkafla þar sem fram koma lykilatrið. Ekki er vísað í heimildir í samantekt.
- Hver efnisgrein þarf að hafa a.m.k. tvær setningar eða málsgreinar.
- Skila ber efnisyfirliti og heimildaskrá til leiðbeinanda / leiðbeinenda þegar áætlun og lokadrögum er skilað til yfirlestrar

## Innihald lokaverkefna

Hér er lýst innihaldi lokaverkefnis sem er rannsóknarskýrsla. Önnur verkefni eru að miklu leyti eins upp byggð en það getur þó helgast af eðli verkefnis, viðfangsefninu og aðferðafræðinni hvernig lokaverkefnið er nákvæmlega uppbyggð og hvað það inniheldur.

## Útdráttur

- ✓ Útdráttur er 250 – 300 orð
- ✓ Þátíð í skrifum um það sem var gert
- ✓ Íslenska og enska
- ✓ Ritgerð í hnotskurn
  - Bakgrunnur rannsóknar, tilgang rannsóknarinnar, þátttakendur (aldur, kyn, fjöldi), aðferð/ rannsóknarsnið, markverðustu niðurstöður, helstu ályktanir

## Inngangur

- ✓ Inngangur hefst á síðu eitt (1)
- ✓ Ítarlegur, stuttur og hnitmiðaður
- ✓ Kynning verkefnis
- ✓ Rök fyrir mikilvægi
- ✓ Ástæða verkefnavals
- ✓ Gildi rannsóknar

## Fræðilegur bakgrunnur

- ✓ Kenningarlegar forsendur
- ✓ Staða þekkingar
- ✓ Rannsóknarspurning(ar) / Tilgátur
- ✓ Hverju bætir rannsóknin við þá þekkingu sem núþegar er til staðar?

## Aðferð

- ✓ Aðferð
- ✓ Val á mælitæki
- ✓ Úrtak
- ✓ Framkvæmd rannsókna
- ✓ Siðferðileg álitamál

## Niðurstöður

- ✓ Fjalla skal skipulega um niðurstöður í sömu röð og viðfangsefni, markmið og rannsóknarspurningar hafa verið sett fram.
- ✓ Greina frá niðurstöðum í þátíð en fjalla um þær í nútíð
- ✓ Taka skal mið af því að myndir og töflur hafi sjálfstætt upplýsingagildi og því er óþarfi að útlista þær ítarlega en vísa í þær í texta
- ✓ Heiti tölfræðiprófa og marktæknimörk í sviga.
- ✓ Heiti á tölfræðiprófum og allar tölur sem lýsa gagnagrunni skulu vera skáletraðar.
- ✓ Lýsingar á niðurstöðum í smáatriðum skal setja í viðauka

## Umræða/Ályktanir

- ✓ Niðurstöður dregnar saman, metnar og túlkaðar
- ✓ Fjalla skal um niðurstöður í sömu röð og í niðurstöðukafla
- ✓ Samband niðurstöðna innbyrðis?
- ✓ Tengsl niðurstöðna við sams konar rannsóknir
- ✓ Framlag höfundar með rannsóknarvinnunni
- ✓ Takmarkanir rannsókna og gagnrýni
- ✓ Hvaða rannsóknir er þörf á að gera í framhaldinu?
- ✓ Óleyst vandamál
- ✓ Varist endursögn
- ✓ Niðurstöður eru ekki kynntar í umræðukafla

## Heimildaskrá

- ✓ APA eða *Gagnfræðakversins*. Athugið að gefa fulla heimild.

## Myndir

- ✓ Myndir skulu númeraðar
- ✓ Titill myndar er undir myndinni
- ✓ Lýsandi heiti
- ✓ Skýringartexti undir heiti og þarf hann að skýra myndina með þeim hætti að ekki þurfi að leita í texta ritgerðarinnar að frekari skýringu.
- ✓ Ef annar aðili en höfundur ritgerðar hefur gert myndina þá skal geta þess með fullum heimildartexta, tilvísun nægir ekki.
- ✓ Myndir eiga að geta staðið sjálfstætt og án útskýringa

## Töflur sérstaklega

- ✓ Töflur skulu númeraðar
- ✓ Titill töflu skal vera fyrir ofan hana
- ✓ Lýsandi heiti

- ✓ Skýringartexti undir heiti og þarf hann að skýra töfluna með þeim hætti að ekki þurfi að leita í texta ritgerðarinnar að frekari skýringu.
- ✓ Ef annar aðili en höfundur ritgerðar hefur gert myndina þá skal geta þess með beinum heimildartexta, tilvísun nægir ekki.
- ✓ Töflur eiga að geta staðið sjálfstætt og án útskýringa. Ekki þarf að skilgreina algeng tölfræðihugtök

### Viðauki

- ✓ Skýringartexti skal fylgja hverjum viðauka og vitna skal í myndir eða töflur eftir því sem við á
- ✓ Frumgögn og niðurstöður sem ekki er vitnað í beint í texta
- ✓ Efni sem erfitt er að koma fyrir annars staðar og ekki er vitnað beint til í í ritgerðinni s.s. töflur sem línurit eru gerð eftir og spurningalistar
  - Ekki er hægt að birta spurningalista nema fengist hafi til þess heimild frá höfundi/um
- ✓ Viðaukar eru númeraðir
- ✓ Hver viðauki byrjar á nýrri síðu
- ✓ Sé vísað í heimild í viðauka er getið um hana í heimildaskrá.
- ✓ Ýmis bréf vegna vinnslu meistaraverkefnis, s.s. leyfisbréf til rannsóknar, umsóknir um styrki og slíkt skulu ekki prentuð í endanlegri útgáfu meistaraverkefnis

### Prófdómarar

Rannsóknanámsnefnd tilnefnir prófdómara og sendir þeim eintök af ritgerðinni. Einn prófdómari er skipaður fyrir lokaverkefni til meistaraprófs í Hjúkrunarfræðideild. Einkunn úr meistaraprófi skal ávallt liggja fyrir þremur vikum fyrir brautskráningardag.

### Meistaravörn

Nemendur sem ljúka námi frá rannsóknanámsleið verja ritgerð sína. Meistaravörn við hjúkrunarfræðideild er lokaður viðburður. Á vörn mætir prófstjóri, nemandi, leiðbeinandi(ur), prófdómari og meðlimir meistaránámsnefndar óski þeir þess. Að lokinni 20-25 mínútna kynningu af hálfu nemandans fá prófdómarar tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og spurningum við nemandann varðandi verkefnið og heyra röksemdafærslur hans. Þegar vörn lýkur dregur nemandinn sig í hlé og prófdómarar ásamt leiðbeinanda koma sér saman um einkunn. Í allt má gera ráð fyrir að meistaravörnin taki um eina til tvær klukkustundir.

Fyrir brautskráningu halda nemendur úr öllum námsleiðum opinberan fyrirlestur um meistaraverkefni sitt á vegum hjúkrunarfræðideildar. Verkefnastjóri framhaldsnáms sér um að skipuleggja fyrirlesturinn í samvinnu við nemendur.

Nemandi þarf að vera í skilum við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn og Bókasafns- og upplýsingasvið LSH a.m.k. hálfum mánuði fyrir brautskráningu. **Einnig þarf hann að hafa verið skráður nemandi Háskóla Íslands og hafa greitt skrásetningargjald allan námstímann.** Um þetta má lesa nánar í Kennsluskrá.

Mikilvægt er að nemendur séu skráðir í rétta brautskráningu. Nemendur geta skráð sig í áætlaða brautskráningu í Uglu. Frestist brautskráning yfir á næsta skólaár, þarf nemandi að

greiða skrásetningargjald við Háskólann sem því nemur, skrá sig úr áætlaðri brautskráningu innan settra tímamarka og skrá sig í brautskráningu á rétt misseri.

### **Tímaritsgrein**

Nemendur eru hvattir til í samráði við leiðbeindur sína að vinna handrit að tímaritsgrein til birtingar í ritrýndu tímariti upp úr lokaverkefni sínu. Tímaritsgreinin er hvorki metin til eininga né einkunnar, en er mikilvægur þáttur í að kynna og koma á framfæri niðurstöðum lokaverkefnisins.

### **Meistaraverkefni brautskráðra meistara frá Hjúkrunarfræðideild**

Á heimasíðu [Hjúkrunarfræðideildar](#) er að finna útdrætti og upplýsingar um meistaraverkefni brautskráðra meistara frá Hjúkrunarfræðideild HÍ.

# REGLUR UM MEISTARANÁM VIÐ HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

## **Reglur nr. 239-2004 með áorðnum breytingum**

### **1. gr. Almenn.**

[Hjúkrunarfræðideild veitir menntun til meistaragráðu á þeim sviðum þar sem aðstaða og sérþekking eru fyrir hendi. Náminu er ætlað að efla fræðilega þekkingu í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði, þjálfu hjúkrunarfræðinga í vísindalegum vinnubrögðum og auka færni þeirra í rannsóknar- og þróunarstörfum.]<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Breytt með 1. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

### **2. gr. Rannsóknanámsnefnd.**

Rannsóknanámsnefnd hjúkrunarfræðideildar fer með málefni meistaránámsins í umboði deildarráðs hjúkrunarfræðideildar. [Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja nám til meistaragráðu í samvinnu við kennara deildarinnar, fjalla um umsóknir, samþykkja breytingar á námsáætlun (sbr. 4. gr.), skipa í meistaránámsnefndir (sbr. 11. gr.), tilnefna prófdómara fyrir meistarapróf (sbr. 12. gr.) og sjá um meistarapróf.]<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Breytt með 2. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

### **3. gr. Umsóknarfrestur.**

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri. Deildarstjórn er heimilt að leyfa innritun á vormisseri. Umsóknarfrestur fyrir hana er til 15. september.

### **4. gr. Meðferð umsókna.**

Umsóknum skal skilað til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar. Rannsóknanámsnefnd afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars (vegna innritunar á haustmisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 25. apríl. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september (vegna innritunar á vormisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október.

Í boði eru nokkrar námsleiðir og hægt er að velja um 15 eininga lokaverkefni eða 30 eininga lokaverkefni. [Umsóknum um meistaránám skulu fylgja námsmarkmið og þeir sem velja 30 eininga lokaverkefni skulu skila inn lýsingu á því (sbr. umsóknareyðublað) og samningi við leiðbeinanda.]<sup>1</sup>

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a. Stúdent velur sér námsleið og setur sér námsmarkmið um á hvaða fræðasviði hann hyggst sérhæfa sig. Nemar með 30 eininga lokaverkefni finna sér leiðbeinanda og gera samning við hann.

- b. Stúdent sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á skrifstofu hjúkrunarfræðideildar og er eyðublaðinu skilað þangað.
- c. Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámsjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um meistaranám.
- d. Hjúkrunarfræðideild synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir umsækjanda niðurstöðuna bréflega um leið og hún liggur fyrir.
- e. Afgreiðsla í hjúkrunarfræðideild er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- f. Stúdent sem rannsóknánámsnefnd hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. [Þeir sem hyggjast hefja meistaranám skulu ganga frá skráningu innan þeirra tímamarka sem gefin eru í inntökubréfi.]<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Breytt með 3. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

## **5. gr. Inntökuskilyrði.**

[Til að innritast í meistaranám við hjúkrunarfræðideild þarf stúdent að hafa lokið B.S. prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25) í aðaleinkunn úr B.S. prófi eða samsvarandi námi. Jafnframt þarf nemandi að búa yfir góðri enskukunnáttu. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Við inntöku er tekið mið af:

- a. Einkunnum.
- b. Greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir markmiðum sínum með náminu, með sérstakri áherslu á fyrirhugað rannsóknarverkefni.
- c. Einstaklingsviðtölum.
- d. Skriflegum ummælum.]<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Breytt með 1. gr. rgl. nr. [278/2006](#).

## **6. gr. Einingafjöldi og tímalengd náms,**

Meistaránám í [hjúkrunarfræðideild]<sup>1</sup> er 60 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms tvö ár og að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en fjögur ár. Við brautskráningu skal sýnt að stúdent hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann. Nemandi getur fengið 10 einingar metnar að hámarki úr sambærilegu námi á meistarastigi, sem hann hefur stundað utan hjúkrunarfræðideildar en tengist þó rannsóknasviði hans. Slík námskeið skulu metin til eininga hverju sinni.

<sup>1</sup>Breytt með 4. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

## **7. gr. Samsetning náms.**

[Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og stór hluti þess er fólgin í vinnu nemanda að eigin rannsóknarverkefni og ritun rannsóknarskýrslu.]<sup>1</sup> Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 15 einingar en mest 45 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, seminörum og lesnámskeiðum. Stúdent í meistaranámi má að hámarki taka 5 einingar í lesnámskeiðum hjá kennara undir umsjón umsjónarkennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni stúdents en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð.

<sup>1</sup>Breytt með 5. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

## **8. gr. Námskeið í grunnnámi sem hluti af meistaranámi.**

Miðað er við að ekki fleiri en 10 einingar komi úr námskeiðum í grunnnámi. Að jafnaði skulu gerðar meiri kröfur til nemenda í meistaranámi sem taka námskeið í grunnnámi sem hluta af námi sínu. [Lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi skal vera heilum hærrí en lágmarkseinkunn í viðkomandi námskeiði.]<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Breytt með 6. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

## **9. gr. Umsjónarkennari og leiðbeinandi.**

Meistaranevi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. [Við upphaf náms leggur umsjónarkennari, ásamt stúdent, fram námsáætlun sem rannsóknanámsnefnd samþykkir.]<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Breytt með 7. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

Leiðbeinandi leiðbeinir stúdent í rannsóknarverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Séu umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu en leiðbeinandi sér um að leiðbeina stúdent í rannsóknarverkefni.

## **10. gr. Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinanda og annarra sem leggja mat á námið og rannsóknarverkefnið.**

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Ef leiðbeinandi meistaranevi er ekki fastur kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraprófi. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans.

## **11. gr. Meistaránámsnefndir.**

[Í námsleið sem lýkur með 30 eininga lokaverkefni skal meistaránámsnefnd skipuð þremur sérfróðum mönnum og er einn þeirra umsjónarkennarinn. Í námsleið sem lýkur með 15 eininga lokaverkefni skal meistaránámsnefnd skipuð tveimur sérfróðum mönnum og er einn þeirra umsjónarkennarinn.]<sup>1</sup>

Meistaránámsnefnd skal skipuð þremur sérfróðum mönnum og er einn þeirra umsjónarkennarinn. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í meistaránámsnefnd. Rannsóknanámsnefnd skipar meistaránámsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar.

<sup>1</sup>Breytt með 8. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

## **12. gr. Prófdómarar.**

[Rannsóknanámsnefnd tilnefnir prófdómara sem prófar meistaránema og leggur mat á lokaverkefni hans ásamt leiðbeinanda. Einn prófdómari er tilnefndur fyrir hverja meistaravörn í hjúkrunarfræðideild. Prófdómari skal ekki vera tengdur lokaverkefninu. Forseti heilbrigðisvísindasviðs skipar prófdómara að fenginni tilnefningu deildar.]<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Breytt með 1. gr. rgl. nr. [499/2011](#).

## **13. gr. Námsmat, skil og frágangur meistararitgerða.**

[Lágmarkseinkunn í námskeiðum og meistaraverkefni er 6,0. Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats rannsóknanámsnefndar staðfest námsferilsyfirlit stúdents ásamt samþykki meistaránámsnefndar þess efnis að verkefnið sé tilbúið til varnar. Verkefninu skal skila til prófdómara fjórum vikum fyrir áætlaðan prófdag. Í meistaraverkefni skal vera ítarlegur inngangur þar sem fram kemur staða rannsókna á fræðasviðinu, sú aðferðafræði sem beitt var, niðurstöður og ítarlegar umræður. Í lok ritgerðarinnar skal vera heimildaskrá samkvæmt almennum reglum vísindatímarita. Í ritgerð skal getið stofnunar sem rannsóknin var unnin við og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið var unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið. Meistaraverkefni skal skilað í þremur fullbúnum eintökum sem taka mið af hönnunarstaðli hjúkrunarfræðideildar, eigi síðar en tveimur vikum fyrir áætlaðan brautskráningardag.

Meistaravörn er stýrt af prófstjóra sem rannsóknanámsnefnd tilnefnir. Viðstaddir vörnina auk prófstjóra eru nemandi, leiðbeinandi(ur), prófdómari(ar) sem rannsóknanámsnefnd tilnefnir sbr. 12. gr. og meðlimir meistaránámsnefndar, sé þess óskað. Að lokinni 20-25 mínútna kynningu af hálfu nemandans fá prófdómarar tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og spurningum við nemandann varðandi verkefnið og heyra röksemda-færslur hans. Þegar vörn lýkur dregur nemandi sig í hlé og prófdómari(ar) ásamt leiðbeinanda(um) leggja mat á verkefnið og gefa því einkunn (0-10). Í allt má gera ráð fyrir að meistaravörnin taki um eina til tvær klukkustundir.

Nemandi getur ekki brautskráðst nema hann hafi áður haldið opinberan fyrirlestur um meistaraverkefni sitt á vegum hjúkrunarfræðideildar. Verkefnastjóri framhaldsnáms sér um að skipuleggja fyrirlesturinn í samvinnu við nemanda og leiðbeinanda(ur). Ekki er gerð krafa um aðkomu prófdómara að því ferli.

Hjúkrunarfræðideild tekur ekki þátt í kostnaði vegna meistaraverkefna.]<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Breytt með 10. gr. rgl. nr. [452/2007](#).

#### **14. gr. Lærdómstitlar.**

Að loknu meistaranámi hlýtur stúdent lærdómstitilinn Magister Scientiarum (M.S.)

#### **15. gr. Gildistaka o.fl.**

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í hjúkrunarfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands um meistaranám, nr. 17/2002.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla hjúkrunarfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004

## Kennslualmanak 2011 - 2012

### **Haustmisseri 2011**

15. ágúst - 1. sept. Kennsla haustmisseris hefst
10. sept. Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á haustmisseri 2011
27. sept. Próftafla haustmisserisprófa birt
1. okt. Síðasti dagur til úrskráningar úr námskeiðum/prófum á haustmisseri
15. okt. Umsóknarfrestur um framhaldsnám sem hefst á vormisseri 2012 rennur út
1. nóv. Síðasti dagur til að sækja um sértæk úrræði í námi hjá Náms- og starfsráðgjöf HÍ
25. - 30. nóv. Kennslu haustmisseris lýkur
2. - 16. des.\* Haustmisserispróf\*
19. des. - 4. jan. Jólaleyfi (báðir dagar meðtaldir)
19. - 20. des. Sjúkrapróf<sup>1</sup> (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði)

### **Vormisseri 2012**

5. - 16. jan. Kennsla vormisseris hefst
5. - 6. jan. Sjúkrapróf<sup>2</sup> (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði)
21. jan. Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á vormisseri 2012
29. jan. Próftafla vormisserisprófa birt
1. feb. Síðasti dagur til úrskráningar úr námskeiðum/prófum á vormisseri
1. feb. Umsóknarfrestur erlendra nemenda um grunn- og framhaldsnám rennur út
25. feb. Brautskráning kandídata
12. mars - 1. apríl Skráning í námskeið á haust- og vormisseri 2012-2013 (árleg skráning)
1. apríl Síðasti dagur til að sækja um sértæk úrræði í námi hjá Náms- og starfsráðgjöf HÍ
4. - 10. apríl Páskaleyfi (báðir dagar meðtaldir)
11. - 20. apríl Kennslu vormisseris lýkur
15. apríl Umsóknarfrestur um meistara- og doktorsnám sem hefst á haustmisseri 2012 rennur út
25. apríl - 10. maí Vormisserispróf
21. - 25. maí Sjúkrapróf v/vormisseris (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði)

## Kennslualmanak 2011 - 2012

21. - 25. maí	Sjúkrapróf <u>og</u> sérstök endurtökupróf <sup>3</sup> v/ <u>haustmíssis 2011</u> hjá Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði
4. - 8. júní	Sérstök endurtökupróf <sup>3</sup>
4. - 8. júní	Sjúkrapróf <u>og</u> sérstök endurtökupróf <sup>3</sup> v/ <u>vormíssis 2012</u> hjá Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði
5. júní	Umsóknarfrestur um grunnnám við HÍ rennur út
23. júní	Brautskráning kandídata

\*Hugsanlegt er að einnig þurfi að halda próf 30. nóvember, þar sem aðeins gefast 11 mögulegir prófdagar á tímabilinu 2.-16. desember.

<sup>1</sup>Sjúkrapróf vegna prófa sem haldin voru t.o.m. 9. desember. Einnig sjúkrapróf í samkeppnisprófum (clausus), sem halda skal fyrir jólaleyfi.

<sup>2</sup>Sjúkrapróf vegna prófa sem haldin voru 12.-16. desember.

<sup>3</sup>Sérstök endurtökupróf, sbr. 57. grein reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. **ATH:** Nemandi þarf að hafa þreytt próf í námskeiði til að geta skráð sig í sérstakt endurtökupróf í því. Nemandi greiðir **kr. 6.000** fyrir hvert endurtökupróf sem hann skráir sig í.

Skipulag náms við Háskóla Íslands byggir á því að stúdentar skrái sig í námskeið og próf. Hver stúdent ber ábyrgð á námi sínu. Stúdentar þurfa því að gæta vel að reglum um skráningu og auglýst skráningartímabil. Því betur sem þeir sinna þessum skyldum sínum, þeim mun betri þjónustu geta þeir vænst að fá.

---

## Kort af Háskólasvæðinu

